

MINNISBLAÐ

Sveitarstjóra

JANÚAR 2025



Rangárþing
eystra

Anton Kári Halldórsson

Að venju stikla ég hér á stóru um nokkur af þeim helstu verkefnum sem við hjá Rangárþingi eystra og aðrir í sveitarfélaginu okkar höfum verið að fást við að undanfögnu.

Í byrjun vil ég óska öllum íbúum Rangárþings eystra gleðilegs nýs árs með kærum þökkum fyrir þau liðnu. Það eru forréttindi að fá að taka þátt í vinnu við uppbyggingu eins blómlegs samfélags og við eigum hér í Rangárþingi eystra. Það eru fjöldamörg verkefni sem rata inn á borð sveitarfélagsins á ári hverju, misstór og umfangsmikil, en öll eru þau mikilvæg og vinnum við af heilum hug til að standa vörð um og byggja upp okkar góða samfélag. Ég tel okkur geta litið stolt til baka yfir árið 2024 og það sem við höfum áorkað í sameiningu.

Sveitarfélagið stendur vel, innviðir eru sterkir, uppbygging heldur áfram sem aldrei fyrr og íbúum okkar heldur áfram að fjölga. Þann 1. janúar 2025 voru íbúar í Rangárþingi eystra 2167 talsins og hafa aldrei verið fleiri. Íbúum fjölgaði á milli ára um 7,97%. Á sama tíma og fjölgun íbúa er verulega jákvæð fyrir sveitarfélagið, er það einnig krefjandi og mikill ábyrgðarhluti sveitarfélagsins að vera í stakk búið fyrir slíka fjölgun með uppbyggingu innviða og að veita lögbundna þjónustu. Það hlutverk tókum við í sveitarstjórn Rangárþings eystra alvarlega og horfum björtum augum til þeirra verkefna sem bíða okkar á komandi ári.

Það er ekki bara sveitarfélagið sem þarf að bregðast við með uppbyggingu vegna fjölgunar íbúa. Því einhvers staðar þurfa jú allir að búa sem hér vilja setjast að. Um 100 íbúðir eru nú í byggingu víðs vegar í sveitarfélaginu. Íbúðirnar eru komnar mislangt í ferli og eru skráðar á mismunandi byggingastig, frá útgáfu byggingarleyfis til lokaúttektar. Uppbygging íbúða hefur náð að halda í við fjölgun íbúa þó að lítið megi út af bregða. Fjöldi íbúða í byggingu hefur nú verið sambærilegur á hverjum tíma undanfarnin 4 ár.



Læknaskortur í Rangárþingi

Líkt og flestum íbúum í Rangárþingi eystra er kunnugt um eftir fjölmiðlaumfjöllun síðustu daga kom upp mjög alvarleg staða hjá HSU um hátíðirnar þegar ekki tókst að manna læknavaktir í héraðinu. Sú staða er að öllu leyti óboðleg íbúum og gestum sveitarfélagsins. Rekstur heilbrigðisþjónustu á Íslandi er á höndum ríkisins og þá í okkar tilfalli hér í Rangárþingi á ábyrgð HSU.

Sveitarstjórn hefur ávallt og mun áfram beita sér með öllum tiltækum ráðum fyrir því að heilbrigðisþjónusta í Rangárvallasýslu sé til fyrirmyndar. Sveitarstjórn Rangárþings eystra óskaði eftir fundi með framkvæmdastjóra HSU í lok nóvember þar sem farið var yfir áhyggjur sveitarstjórnar vegna erfiðleika á mönnun lækna o.fl. Eins hefur sveitarfélagið ítrekað boð sitt um húsnæði fyrir lækni á Hvolsvelli.

Sameiginlegur fundur sveitarfélaga í Rangárvallasýslu með forsvarsmönnum HSU var svo haldinn sl. mánudag þar sem farið var yfir málin og leitað skýringa og lausna á þeirri stöðu sem upp er komin. Nú hefur grunnlæknisþjónusta verið tryggð næstu mánuði og áfram verður unnið að framtíðarmönnun lækna í héraðinu. Viðvarandi læknaskortur hefur einnig þau áhrif á annað starfsfólk í heilbrigðisgeiranum hjá okkur að álag eykst til muna. Því vil ég þakka öllu því frábæra starfsfólki HSU sem starfar á starfstöðvum í Rangárvallasýslu fyrir virkilega vel unnin störf á erfiðum tímum.



Helstu fjárfestingar / framkvæmdir ársins 2025

Á síðasta fundi sveitarstjórnar Rangárþings eystra var samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 ásamt áætlun til næstu þriggja ára. Hér á eftir langar mig að fara yfir stærstu fjárfestingarverkefni sveitarfélagsins sem áætluð eru á árinu 2025. Heildarfjárfestingaráætlun fyrir komandi ár hljóðar upp á 681,4 milljónir króna, tekjur af gatnagerð eru áætlaðar 138 milljónir og koma til lækkunar auk þess sem gert er ráð fyrir 74,5 milljóna króna fjárfestingu í samrekstrarfélögum t.d. Brunavörnum Rangárvallasýslu.



Stærsta einstaka fjárfestingin er endurnýjun gatnagerðar í Stóragerði á Hvolsvelli, en kostnaðaráætlun þess verkefnis er um 200 milljónir króna. Um er að ræða verulega umfangsmikið verk sem tekur til heildarendurnýjunar allra lagna, yfirborðs gatna og gangstétta. Nauðsynlegt er að ráðast í þessa endurnýjun eldri gatna á Hvolsvelli þar sem innviðir þeirra eru allir komnir á tíma. Eins stuðlar framkvæmdin að öruggara umhverfi fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur. Framkvæmd sem þessi þarf að vera mjög vel skipulögð og í góðu samráði við íbúa, veitufyrirtæki o.fl. Þegar framkvæmd hefur verið boðin út verður verkefnið kynnt rækilega fyrir íbúum og tekið fullt tillit til þeirra varðandi aðgengi að hífýlum til að valda sem minnstu ónæði meðan á verki stendur.

Næststærsta fjárfesting ársins er fjárfesting í nýrri gatnagerð að upphæð 175 milljónir. Til stendur að opna á fyrsta áfanga Bergþórugerðis en með þeirri framkvæmd opnast á uppbyggingarmöguleika fyrir einbýlis-, par-, rað- og fjölbýlishús. Mikil eftirspurn er eftir lóðum undir byggingu íbúðarhúsnæðis og er því nauðsynlegt að halda áfram með gatnagerð nýrra gatna. Í Bergþórugerði verða fjölbreyttar húsagerðir til að mæta eftirspurn sem flestra. Áætlað er að klára gatnagerð í Hallgerðartúni með framkvæmdum við gangstéttir þar sem það stýttist óðum í að hverfið verði fullbyggt og því nú þegar orðin mikil umferð gangandi vegfarenda.



Til að tryggja möguleika á áframhaldandi uppbyggingu atvinnuhúsnæðis er gert ráð fyrir gatnagerð við Duffpaksbraut ásamt því að farið verður í gatnagerð að lóðinni Austurvegur 19, þar sem fljótlega hefjast framkvæmdir við um 70 herbergja hótél. Gert er ráð fyrir því að hótelið verði tilbúið til að taka á móti gestum í júlí 2025.

Í sumar er gert ráð fyrir áframhaldandi viðhaldi á húsnæði Hvolsskóla fyrir alls 30 milljónir. Unnið verður áfram að því að fyrirbyggja myglu í húsnæðinu ásamt því að gólfefni í matsal og fleiri rýmum verður endurnýjað.

Gert er ráð fyrir 20 milljónum í viðhald á félagsheimilum í sveitarfélaginu. Stærsta einstaka framkvæmdin í þeim er endurnýjun á þaki Njálsbúðar sem þarfnast nauðsynlega endurnýjunar.

Gert er ráð fyrir um 24 milljónum í fjárfestingar er snúa að áhaldahúsi sveitarfélagsins. Þar eru stærstu þættir endurnýjun á tækjum og framkvæmdir á lóð, t.d. girðing umhverfis lóðina og stækkun á malbikuðu plani.

Gert er ráð fyrir að húseign sveitarfélagsins, Nýbýlavegur 40 (blokk), verði klædd. Þar eru útveggir farnir að láta á sjá og nauðsynlegt að bregðast við áður en fer að bera á rakaskemmdum.

Verkefnum sem hafin voru á árinu 2024 á sviði íþróttamála verður haldið áfram á árinu 2025. Þar á meðal er hönnun á gervigrasvelli, körfuboltavöllur á lóð Hvolsskóla og hönnun á útisvæði sundlaugar en samtals er áætlað í þessi verkefni um 40 milljónir króna.

Hér á undan hafa einungis verið reifaðar umfangsmestu framkvæmdir sem standa fyrir dyrum á nýju ári. Fjöldinn allur af smærri framkvæmdum sem færast á rekstur sveitarfélagsins eru einnig á áætlun og vonumst við að sjálfsögðu til þess að geta framkvæmt sem mest af því sem áætlað hefur verið fyrir.

Að lokum

Það er auðséð á þessari stuttu upptalningu hér á undan að verkefni eru næg á nýju ári. Við tökum nýja árinu fagnandi og hlökkum til þess að fást við þau verkefni sem fram undan eru og eins þau sem við komum til með að fá í hendurnar þegar fram líða stundir. Tími mikilla hátíða í sveitarfélaginu fer að breyta á, en einn af kostum sveitarfélagsins við að eiga mörg félagsheimili og víðfemar sveitir er einmitt fjöldi þorablóta. Ég efast ekki um að margir eigi eftir að skemmta sér vel í góðra vina hópi og lauflettum gríni á kostnað hvers annars. Njóttum komandi tíma og sjáumst á blóti.

Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárbings eystra.

